



TM

HLUTHAFAFUNDUR

13. NÓVEMBER 2019

DAGSKRÁ

1. Tillaga um kaup félagsins á öllu hlutafé í Lykli fjármögnun hf.
2. Tillaga um tvær breytingar á samþykktum félagsins.
3. Tillaga um hækkun hlutafjár.
4. Önnur mál löglega fram borin.

1. Tillaga um kaup félagsins á öllu hlutafé í Lykli fjármögnun hf.

KAUP Á LYKLI

TM

- TM hefur skrifað undir kaupsamning um kaup á 100% hlut í **Lykli fjármögnun hf.** frá Klakka ehf.
- **Kaupverð** er 9.250 m.kr. auk hagnaðar Lykils fyrir árið 2019
- **Eigið fé** Lykils nam 11.688 m.kr. þann 30.06.2019
- Kaupverð jafngildir **P/B 0,82x***
- TM sér mikil tækifæri til að **auka arðsemi** Lykils
- Viðskiptin munu **auka virði hluthafa** þar sem áætlað er að hagnaður á hlut (EPS) aukist um 20-30% á næstu árum.
- **Nýtt hlutafé** að fjárhæð allt að 3.000 m.kr. verður gefið út þar sem hluthafar hafa forkaupsrétt
- **Gjaldþolshlutfall** verður yfir 1,50x eftir viðskiptin
- Auk staðfestingar þessa hluthafafundar eru viðskiptin háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins



* Byggt á væntum hagnaði Lykils árið 2019

HVERS VEGNA ER TM AÐ KAUPA LYKIL?

- Stefnumótandi kaup sem styrkja félagið, sem mun nú byggja starfsemi sína á þremur stoðum:
 1. Vátryggingastarfsemi
 2. Fjármögnunarstarfsemi
 3. Fjárfestingastarfsemi
- Töluverðir samlegðarmöguleikar, bæði í tekjum og kostnaði
- Vöxtur í fjármögnunarstarfsemi mun auka við tekjustofna félagsins og þar með auka áhættudreifingu í starfseminni

MIKIL TÆKIFÆRI TIL AÐ AUKA ARÐSEMI EIGIN FJÁR LYKILS

1 Grundvöllur fyrir stækkun félagsins


2 Fjölga fjármögnunarleiðum til að lækka fjármagnskostnað

3 Betri notkun eiginfjár

4 Samlegðaráhrif

**Arðsemi eigin
fjár hjá Lykli á
næstu árum
> 10%***


FJÁRMÖGNUN Á KAUPVERÐI



- **Kaupverð er 9.250 m.kr. auk hagnaðar Lykils á árinu 2019. Þar sem fjárhæð hagnaðar liggur ekki fyrir er sú fjárhæð ekki höfð með hér.**
- Hluthafar hafa forkaupsrétt.
- TM hefur þegar gert breytingar á eignasafni sínu á þessu ári til að gera félaginu kleift að kaupa Lykil.
- Brúarlánið gefur TM viðunandi sveigjanleika lausafjár.

GJALDPÓLSHLUTFALL > 1,50X EFTIR VIÐSKIPTIN

Gjaldþol (GP) vs. gjaldþolskrafa (GPK) (m.kr.)




Gjaldþolshlutfall yfir 1,50x eftir viðskiptin m.v. útreikninga TM


ÁÆTLAÐUR EFNAHAGSREIKNINGUR SAMEINAÐS FÉLAGS

30.06.2019 (m.kr.)

Eignir




Eigið fé og skuldir



- Heildareignir nær tvöfaldast, sem er að mestu útskýrt með hækkun á útlánum, handbæru fé og rekstrarleigugeignum.
- Eigið fé hækkar um 5,2 ma.kr. vegna fyrirhugaðrar hlutfjárhækkunar og þar sem kaupverð er undir bókfærðu virði eigin fjár Lykils.
- Heildarskuldir rúmlega tvöfaldast, að mestu vegna lántöku Lykils.

NÝ SAMSTÆÐA TM TIL FRAMTÍÐAR



Tillaga um kaup félagsins á öllu hlutafé í Lykli fjármögnun hf.

Vegna dagskrárliðar 1

Hluthafafundur í Tryggingamiðstöðinni hf. 13. nóvember 2019 samþykkir kaup félagsins á öllu hlutafé í lánafyrirtækinu Lykill fjármögnun hf., kt. 621101-2420.

2. Tillaga um tvær breytingar á samþykktum félagsins.

Tillaga um tvær breytingar á samþykktum félagsins.

Vegna dagskrárliðar 2

Annars vegar að 1. gr. samþykktanna hljóði svo: „Félagið er hlutafélag. Nafn þess er TM hf.”

Hins vegar að 3. gr. samþykktanna hljóði svo: „Tilgangur félagsins er eignarhald á hlutum í félögum á sviði fjármála-, lána- og fjárfestingastarfsemi, váttryggingastarfsemi og annars skylds reksturs. Enn fremur eignarhald og rekstur fasteigna, eigin fjárfestingastarfsemi og þjónusta við dótturfélög.“

3. Tillaga um hækkun hlutafjár.

Tillaga um hækkun hlutafjár.

Vegna dagskrárliðar 3

Til að fjármagna kaup á Lykli fjármögnun hf. samþykkir hluthafafundur í Tryggingamiðstöðinni hf. 13. nóvember 2019 að stjórn félagsins verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 125.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt til nýrra hluta sem verða gefnir út á grundvelli heimildarinnar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samþykktir félagsins. Efnt verður til almenns hlutafjárútboðs til að safna áskriftum að hinum nýju hlutum þar sem núverandi hluthafar njóta forgangsréttar í samræmi við hlutafjáreign sína en almennum fjárfestum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir þeim hlutum sem forgangsréttarhafar nýta sér ekki. Í útboðsferlinu er stjórninni veitt heimild til að ákvarða útboðsgengi hluta, áskriftar- og greiðslufresti og sölureglur að öðru leyti.

Arion banka hf. verður falið að hafa umsjón með útboðinu sem mun fara fram jafnskjótt og útboðslýsing hefur verið gerð og skylt er gefa út í tengslum við útboðið.

Við samþykktir félagsins bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 125.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta forgangs til áskriftar að hinum nýju hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína en almennum fjárfestum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir þeim hlutum sem forgangsréttarhafar nýta sér ekki. Andvirði hlutafjárauðningarinnar skal notað til fjármögnunar á kaupum félagsins á öllu hlutafé Lykils fjármögnunar hf. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi þessara hluta, sölureglur, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins skal heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfuna. Heimild þessi fellur úr gildi eigi síðar en 31. mars 2021.“

4. Önnur mál löglega fram borin.

